



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Alþingi
Erindi nr. P/30/1889
komudagur 16.4.2004

Garðabæ, 16. apríl 2004
Tilvísun: Fvr 2004040013/KHS/--

Alþingi
Nefndasvið
bt. Allsherjamefndar Alþingis
Austurstræti 8 - 10
101 Reykjavík

Erindi: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þskj.1326 – 868 mál.

Fornleifavernd ríkisins hefur fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, þingskjal 1326 - 868 mál.

Fornleifavernd ríkisins telur þarft að endurskoða lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928 og gerir engar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í frumvarpinu er ekkert fjallað um fornleifar eða fornleifavernd. Fornleifavernd ríkisins gerir ráð fyrir að það stafi af tilvist þjóðminjalaga nr. 107/2001, en þar er kveðið á um að Fornleifavernd ríkisins fari með stjórnýslu fornleifa landsins.

Fornleifavernd ríkisins vill þó vekja athygli á nauðsyn þess að skýra tengsl Fornleifaverndar ríkisins og Þingvallanefndar eða fulltrúa hennar, og aðkomu stofnunarinnar að málefnum fornleifa innan þjóðgarðsins. En þau tengsl hafa frá upphafi verið óljós. Fornleifum á Þingvöllum er friðlýst í samræmi við þjóðminjalög (lög um verndum fornmenja frá 16. nóvember 1907). Leitað hefur verið til Fornleifaverndar ríkisins varandi leyfi til fornleifarannsóknna og framkvæmda á svæðinu með hliðsjón af þjóðminjalögum nr. 107/2001. Slíkt verklag tíðkaðist einnig meðan þjóðminjavörður fór með stjórnýslu fornleifa landsins.

Í 6. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að Þingvallanefnd semji reglugerð um þjóðgarðinn, verndun hans og meðferð. Telja má eðlilegt að þar kæmu inn ákvæði um tengsl Fornleifaverndar ríkisins og stjórnýsluaðila Þingvallanefndar. Samskiptin munu einnig væntanlega skýrast í stefnumörkunarvinnu varðandi þjóðgarðinn sem nú fer fram.

Virðingarfyllst,


Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður